

Borgarráð

Efni: Kjarasamningar við Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu, Eflingu-stéttarfélag, Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands og Samband stjórnendafélaga

Kjarasamningar Reykjavíkurborgar við eftirtalin stéttarfélög runnu út 31. mars 2019:

ASÍ, aðildarfélög

- Eflingu-stéttarfélag
- Samiðn, samband iðnfélaga
- Rafiðnaðarsamband Íslands

BSRB, aðildarfélög

- Sameyki-stéttarfélag í almannajónustu
- Sjúkraliðafélag Íslands

BHM, aðildarfélög:

- Félag íslenskra náttúrufræðinga
- Félagssráðgjafafélag Íslands
- Fræðagarður
- Iðjubjálfafélags Íslands
- Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga
- Sálfræðingafélag Íslands
- Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga
- Stéttarfélag lögfræðinga
- Stéttarfélag sjúkraþjálfara
- Þroskaþjálfafélag Íslands

Utan bandalaga

- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Stéttarfélag tölvunarfræðinga
- Stéttarfélag verkfræðinga
- Samband stjórnendafélaga

Samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur skrifað undir nýja kjarasamninga við eftirtalin stéttarfélög:

- Samiðn, undirritun 22. janúar 2020
- Rafiðnaðarsamband Íslands, undirritun 22. janúar 2020
- Sameyki-stéttarfélag í almannajónustu, undirritun 9. mars 2020
- Eflingu-stéttarfélag, undirritun 10. mars 2020
- Samband stjórnendafélaga, undirritun 27. mars 2020

1. Meginefni nýrra kjarasamninga

Gildistími: 1. apríl 2019 – 31. mars 2023.

Samningarnir byggja á grunni lífskjarasamnings þar sem áhersla er á að hækka lægstu laun sérstaklega:

- apríl 2019 hækka laun um kr. 17.000
- apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000
jafnframt verður tekin upp ný launatafla með 1% bil á milli launaflokka, samhliða breyttri tengingu starfsmats við launatöflu
- janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000
- janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000

Greiðslur í vísindasjóð hjá háskólastarfsmönnum falla niður frá 1. apríl 2020 en þess í stað gilda sömu krónutöluhækkunarir á öll grunnþrep í launatöflu, þ.e. 90.000 kr. hækkun á samningstímanum.

Greiðslur vegna viðbótarmenntunar greiðast nú með hækkun á persónuálagi í stað viðbótarlaunaflokka.

Í hjálögðu kynningarefni um nýja kjarasamninga er farið yfir tímamótabreytingar á vinnuumhverfi starfsmanna sem sem lúta að bættu starfsumhverfi og möguleika á styttri vinnuviku, bæði hjá dagvinnufólki sem og vaktavinnufólki. Sem liður í að draga úr hvata til yfirvinnu í kjölfar styttri vinnuviku var samið um tvískipt yfirvinnuálag. Þá tekur ný grein um önnur laun gildi. Önnur laun geta verið vegna reglubundnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun koma í stað tímakaups í yfirvinnu.

Nýr kjarasamningur felur í sér að orlofsávinnsla miðast nú ekki við aldur heldur gildir 30 daga orlofsréttur fyrir alla starfsmenn. Þá er kveðið á um að uppsafnað orlof megi ekki fara yfir 60 daga og 25% lenging á orlofi utan sumarorlofstímabils gildir eingöngu með skriflegri beiðni yfirmanns.

Samið var um sérstaka hækkun lægstu launa sem náði til starfsfólks sem vinnur samkvæmt samningi Eflingar og Sameykis. Þannig geta viðbótargreiðslur undir 319 starfsmatsstigum numið mest 15.000 kr. á mánuði en dragast þær fjárhæðir frá launahækkunum sem taka gildi á samningstímanum vegna endurmats á störfum. Þá ná viðbótargreiðslur ekki til starfsfólks í sorphirðu sem fær greiddan kaupauka. Orlofslaun teljast innifalin í fjárhæðum og falla greiðslur niður í lok samnings.

Fastar yfirvinnugreiðslur félagsmanna Eflingar sem starfa á leikskólum og í heimaþjónustu falla niður miðað við 1. apríl og í stað þess verða greiddar fastar fjárhæðir skv. gr. 1.1.3. um önnur laun.

Framlag í fræðslusjóð hjá Samiðn, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Sambandi stjórnendafélaga fer úr 0,45 í 0,7%. Þá verður jafnframt farið í aukið samstarf með löunni og öðrum fræðslusetrum iðnaðarmanna.

Framlag í fræðslusjóð hjá Sameyki fer í 0,92%. Þá verður farið í aukið samstarf um fræðslumál með Sameyki og komið þannig til móts við sífellt fjölbreyttara starfsumhverfi. Sem liður í því mun Reykjavíkurborg koma að samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt og greiða iðgjald sem nemur 0,25% af heildarlaunum frá 1. janúar 2022.

2. Kostnaðarmat nýrra kjarasamninga

Samkvæmt endurskoðuðum viðræðuáætlunum frá júlí 2019 voru framkvæmdar innágreiðslur 1. ágúst 2019 að upphæð 105.000 kr. hvers starfsmanns miðað við fullt starf. Hefur verið tekið tillit til þess í launakostnaði vegna 2019.

Ljóst er að stytting vinnuviku hjá vaktavinnufólki mun fela í sér kostnaðarauka vegna viðbótarmönnunar og er tekið tillit til þess í kostnaðarmati.

Til að mæta auknum kröfum til faglegrar menntunar á leikskólum og fleiri sviðum var gert ráð fyrir 55 milljóna króna árlegu viðbótarfjármagni á samningstímanum til launaðra námsleyfa sem skiptast á svið í hlutfalli við stöðugildi. Framlagt kostnaðarmat tekur mið af þeim stöðugildum sem undirritaðir samningar ná til.



Kostnaðarmat Kjarasamninga	Aukinn launakostn. v. 2019	Aukinn launakostn. v. 2020	Aukinn launakostn. v. 2021	Aukinn launakostn. v. 2022	% v. 2019	% v. 2020	% v. 2021	% v. 2022
Samband stjórnendafélaga	1.248.801	7.793.000	13.480.783	17.693.455	1,7%	10,4%	17,9%	23,5%
Aukið framlag í fræðsluslj.		138.459	221.909	232.440		0,25%	0,25%	0,25%
	1.248.801	7.931.460	13.702.692	17.925.895	1,7%	10,6%	18,2%	23,8%
Samiðn, Rafis, VM	5.964.672	34.348.005	62.421.918	85.078.635	1,6%	9,3%	16,9%	23,0%
Aukið framlag í fræðsluslj.		927.633	1.082.148	1.138.790		0,25%	0,25%	0,25%
	5.964.672	35.275.638	63.504.066	86.217.425	1,6%	9,5%	17,1%	23,2%
Efling	173.228.330	1.262.318.924	2.176.285.094	2.856.692.794	1,9%	13,6%	23,4%	30,8%
Stytting Vaktavinnuviku			163.076.564	257.446.949			1,8%	2,8%
	173.228.330	1.262.318.924	2.339.361.658	3.114.139.743	1,9%	13,6%	25,2%	33,5%
Sameyki	347.671.943	2.418.541.822	4.233.562.654	5.607.152.520	1,6%	11,4%	19,9%	26,4%
Stytting Vaktavinnuviku			269.362.887	425.239.848			1,3%	2,0%
Vísindasjóður út		57.262.048	80.417.681	84.636.263		-0,27%	-0,38%	-0,40%
Aukið framlag í Fræðslusjóð		30.676.097	43.080.900	45.340.855		0,14%	0,20%	0,21%
Starfsmenntasetur				34.761.322				0,16%
	347.671.943	2.391.955.871	4.465.588.761	6.027.858.282	1,6%	11,3%	21,0%	28,4%
Annað (öll félög)								
Orlofs- og Desuppbætur	25.843.726	20.674.981	20.674.981	20.674.981	0,08%	0,07%	0,07%	0,07%
Námsleyfi	45.098.384	45.098.384	45.098.384	45.098.384	0,15%	0,15%	0,15%	0,15%
SAMTALS	599.055.855	3.763.255.257	6.947.930.542	9.311.914.710	1,9%	12,1%	22,4%	30,1%

3. Önnur laun

Með nýju ákvæði um önnur laun breytist fyrirkomulag fastlaunasamninga, samhlíða breyttu ákvæði um yfirvinnugreiðslur. Breytingarnar taka gildi 1. október 2020.

Mikilvægt er að huga vel að undirbúningi þessara breytinga og tryggja samræmda framkvæmd innan borgarinnar. Samninganefnd leggur til að Mannauðs og starfsumhverfssviði verði falin umsjón með framkvæmdinni og útgáfu verklags þar að lútandi.

4. Afsláttur starfsmanna af vinnuskyldu

Í samþykkt borgarráðs frá 4. október 2007 um málefni eldri starfsmanna er kveðið á um heimild til gerðar samkomulags um afslátt starfsmanna af vinnuskyldu án skerðingar á mánaðarlaunum.

Heimilt er á grundvelli samþykktarinnar að minnka vinnuskyldu starfsmanns sem orðinn er 65 ára og hefur starfað samfellt hjá Reykjavíkurborg í a.m.k. 10 ár um 20% án skerðingar á mánaðarlaunum þann tíma sem hann vill starfa áfram til 70 ára aldurs. (þ.e. 8 klst. af 40 klst. á viku m.v. fullt starf)

Samhlíða þeim breytingum á vinnutíma sem samið hefur verið um í kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði er lagt til að framangreind samþykkt verði felld úr gildi.

5. Samantekt

Nýir kjarasamningar sem kynntir eru í minnisblaðinu ná til um 85% starfsmanna Reykjavíkurborgar sem voru með lausa samninga 31. mars 2019.

Niðurstöður samninganna byggja í meginatriðum á grunni lífskjarasamnings sem samið var um á almenna vinnumarkaðnum 3. apríl 2019. Þá eru niðurstöður samninganna einnig í samræmi við hjálögð markmið og megináherslur sem að samninganefnd Reykjavíkurborgar kynnti fyrir viðsemjendum sínum vorið 2019. Með nýjum kjarasamningum er stigið stórt skref til styttingar vinnuviku bæði hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki með það að leiðarljósi að bæta vinnustaðameningu en stuðla jafnframt að bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs.

Það er mat samninganefndar Reykjavíkurborgar að nýir kjarasamningar Reykjavíkurborgar séu mjög ásættanlega niðurstaða fyrir Reykjavíkurborg.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar



Hjálagt: Kynningarefni á nýjum kjarasamningum sem lagt er fyrir borgarráð, 2. apríl 2020

Markmið og megináherslur Reykjavíkurborgar í kjarasamningum 2019

Nýr kjarasamningur Samiðnar, undirritaður 22. janúar 2020

Nýr kjarasamningur Rafiðnaðarsambands Íslands, undirritaður 22. janúar 2020

Nýr kjarasamningur Sameykis-stéttarfélags í almannapjónustu, undirritaður 9. mars 2020

Nýr kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags, undirritaður 10. mars 2020

Nýr kjarasamningur Sambands stjórnendafélaga, undirritaður 27. mars 2020